

Stjórnarfundur 10. apríl 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Maríanna Gunnarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Kristrún Ágústsdóttir, Jón Finnur Hansson, Heiðrún Sigurðardóttir og Svaðar Magnússon

Málefni tekin fyrir:

1. Stjórn skiptir með sér verkum – varaformaður skipaður

Lagt til að stjórnarmaður með lengstu setu í núverandi stjórn, Leifur Arason, verði kosinn varaformaður Fáks. Tillagan var samþykkt einhliða.

2. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.


3. Deiliskipulag í Almannadal

Seinlega hefur gengið að klára teikningar að deiliskipulagsbreytingum í Almannadal og koma málínu í ferli hjá Reykjavíkurborg. Stjórnin mun beita sér fyrir að teikningar verði kláraðar sem fyrst og komið til samþykktar hjá Reykjavíkurborg, og í framhaldinu í auglýsingaferli.

4. Önnur mál

- a. Vetrardagskráin á næstunni
 - i. *Hreinsunardagur 18. apríl* – Hefðbundinn hreinsunardagur milli kl 17 og 19 sem endar með grilli. Jón Finnur sér um að auglýsa daginn á netinu og stjórnarmenn reyna að draga sem flesta með í að taka til í kringum sig og gera Fákssvæðið snyrtilegt.
 - ii. *Firmakeppni 20. apríl* – Verður með hefðbundnu sniði. Hafist hefur verið handa við að safna firmum.
 - iii. *Stórsýning Fáks 22. apríl* – Maríanna er með þessi mál undir stjórn. Skipulagning gengur vel. Sýningarstjórn mun funda á næstu dögum og auglýsa viðburðinn í kjölfarið. Dúna ætlað að athuga hvort hópurinn Kjarnakonur séu til í að taka þátt í að skreyta reiðhöllina og undirbúa fyrir sýninguna.
 - iv. *Reiðhallarmót 25. apríl* – Æfingamót þar sem dómarar gefa hverjum knapa umsögn
 - v. *Kótelettukvöld 28. apríl* – Óstaðfest.
 - vi. *Riðið á móti Harðarmönnum 29. apríl*
 - vii. *Kökuhlaðborð kvennadeildar 29. apríl*
 - viii. *Æskan og hesturinn 29. apríl*
 - ix. *Laugarvegsreið 30. apríl*
 - x. *Líflandsmótið 1. maí* – Æskulýðsnefndin skipuleggur.
 - xi. *Opinn dagur í Fáki 1. maí* – Verður með hefðbundnu sniði; opin hesthus verða merkt, viðburðir verða í gerðum og grillað verður við reiðhöllina/félagsheimilið
 - xii. *Reykjavíkurmeistaramót* – Verið er að leyta að aðalstyrktaraðila mótsins. Svaðar verður tengiliður stjórnar við mótanefndina og fylgir þessum málum eftir.
- b. Maríanna tekur að sér að gegna störfum vefumsjónarmanns Fáks.
- c. Eftirspurn hefur verið eftir nýju Fáksjökkunum – Fáar stærðir eru til eins og er en í boði er að pantा fyrir áhugasama. Jón Finnur mun auglýsa á næstu dögum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.



Hjörtur Bergstað